

Svarsending innanlands

Pósturinn býður fyrirtækjum og einstaklingum svarsendingar innanlands. Með svarsendingu geta fyrirtæki boðið viðskiptavinum sínum að senda inn svarbréf eða svarkort þeim að kostnaðarlausu og óska t.d. eftir upplýsingum um ákveðna vöru eða þjónustu, fá send sýnishorn eða senda inn pöntun. Með þessum hætti greiðir fyrirtækið burðargjaldið fyrir viðskiptavinum sínum og eykur þannig möguleika á svörum.

Svarsendingar skulu vera útbúnar eins og hér segir: Í stað frímerkis kemur áprentunin: „Má láta ófrímerkt í póst. Burðargjald greiðist af viðtakanda“. Áletrunin „SVARSENDING“ þarf að koma skýrt fram og fyrir ofan og neðan orðið kemur breið lárétt lína. Þar fyrir neðan kemur síðan fram nafn og pósthöfundur viðtakanda.



Lágmarksstærð:

- 90 x 140 mm.

Hámarksstærð:

- 229 x 324 x 10 mm.

Hámarksþyngd:

- 1 kg.

Prentlitur:

- Flestir prentlitir eru í lagi svo fremi að þeir séu vel aðgreinanlegir frá bakgrunni.

Ráðgjöf:

- Fyrirtækjaþjónusta.

Tegund:

- Kort eða umslag. Ef um kort er að ræða verður stinnleiki að vera a.m.k. 150 g/m² (150 g á fermetra).

Burðargjald fyrir svarsendingar innanlands er það sama og fyrir bréfastöng innanlands.

Svarsendingunum dreift til fyrirtækja

Best er að ráðfæra sig við þjónustudeild áður en svarsendingar eru sendar.

Almenna reglan er eftirfarandi:

- Ef sendandi er í fyrirtækjaþjónustu Póstsins mun bílstjóri sjá um að koma með svarsendingarnar líkt og annan póst.

- Ef sendandi er í reikningsviðskiptum hjá Póstinum mun bréfberi sjá um að koma svarsendingunum til viðkomandi.
- Ef sendandi er ekki í reikningsviðskiptum mun pósthús láta þegar svarsendingarnar berast og er þá burðargjaldið greitt um leið og þær eru sóttar á pósthúsið.

Viðskiptavinir geta skilað inn svarsendingum á pósthús eða í póstkassa endurgjaldslaust.

Svarsendingar sem koma til baka eru meðhöndlaðar sem almenn bréf.

Svarsendingar milli landa

Íslensk fyrirtæki geta sent póst til ákveðinna viðskiptavina erlendis sem inniheldur svarsendingu. Viðtakandi sendingarinnar erlendis getur sent svarsendinguna til baka til sendanda, sér að kostnaðarlausu. Svarsendingar henta vel þegar verið er að afla nýrra viðskiptavina, nýrra áskrifenda, eða bjóða nánari upplýsingar um vöru eða þjónustu svo dæmi séu tekin. Pósturinn afhendir fyrirtækinu þær svarsendingar sem berast og einungis er greitt fyrir þær. Burðargjald miðast við verðskrá til sendingarlands.



Svarsendingar milli landa eru háðar sérstöku leyfi Póstsins og þarf leyfisnúmerið að koma fram á svarsendingunni.

Svarsendingar til/frá REIMS löndum

Á svarsendingum til REIMS landa þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

- Efst í hægra hornið skal í stað frímerkis setja yfirstrikaðan frímerkjarreit með áprentuninni: „Ne pas affranchir“ og „No stamp required“.
- Sendingin skal greinilega merkt með orðunum: „REPLY PAID / REPONSE PAYEE ICELAND / ISLANDE“ og skal sú merking vera á milli tveggja láréttra lína. Þar fyrir neðan skal koma greinilega fram nafn, heimilisfang og póstnúmer viðtakanda.
- Efst í vinstra horni skal prenta merki með áletruninni: „A PRIORITAIRE / PAR AVION“. Þar fyrir neðan skal prenta leyfisnúmer: „IBRS/CCRI NO:“.

Lágmarksstærð: 90 x 140 mm.

Hámarksstærð: 229 x 324 x 10 mm.

Hámarksþyngd: 2 kg.

Prentlitur: Flestir prentlitir eru í lagi svo fremi þeir séu vel aðgreinanlegir frá bakgrunni.

Leyfi: Fyrirtækjaþjónusta.

Tegund: Kort eða umslag. Ef um kort er að ræða verður stinnleiki að vera a.m.k. 150 g/m² (150 g á fermetra).

REIMS löndin: Lönd innan REIMS samkomulagsins eru eftirfarandi: Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ísland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lettland,

Litháen, Luxemborg, Malta, Noregur, Pólland, Portúgal, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Sviss, Tékkland, Ungverjaland, Þýskaland og Vatíkanið.

ATH! Eina undanþágan frá ofangreindi reglu er að Þýskaland tekur eingöngu 1 kg og hámarksþykktina 50 mm.

Svarsendingar til annarra landa/frá öðrum löndum:

Á svarsendingum frá öðrum löndum (IBRS) þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:



- Efst í hægra hornið skal í stað frímerkis setja yfirstrikaðan frímerkjarreit með áprentuninni: „Ne pas affranchir“ og „No stamp required“.
- Sendingin skal greinilega merkt með orðunum: „REPLY PAID / REPONSE PAYEE ICELAND / ISLANDE“ og skal sú merking vera á milli tveggja láréttra lína. Þar fyrir neðan skal koma greinilega fram nafn, heimilisfang og póstnúmer viðtakanda.
- Efst í vinstra horni skal prenta merki með áletruninni: „A PRIORITAIRE / PAR AVION“. Þar fyrir neðan skal prenta leyfisnúmer: „IBRS/CCRI NO:“.

Lágmarksstærð: 90 x 140 mm.

Hámarksstærð: 229 x 324 x 10 mm.

Hámarksþyngd: 50 g.

Prentlitur: Flestir prentlitir eru í lagi svo fremi þeir séu vel aðgreinanlegir frá bakgrunni.

Leyfi: Fyrirtækjaþjónusta.

Tegund: Kort eða umslag. Ef um kort er að ræða verður stinnleiki að vera a.m.k. 150 g/m² (150 g á fermetra).

Blindrasendingar

Blindrasendingar eru gjaldfrjálssar ef þær eru sendar frá eða til opinberra viðurkenndra stofnana fyrir blinda. Þetta á við þegar verið er að senda blindraprent, hljóðsnældur, geisladiska eða hvíta stafinn. Sömu þyngdartakmörk gilda fyrir blindrasendingar og aðrar sendingar.

Alþjóðasvarmerki

Alþjóðasvarmerki er hægt að senda til allra landa. Með alþjóðasvarmerki geta viðskiptavinir greitt fyrirfram fyrir sendingar sem þeir vilja fá sendar til sín. Fyrir svarmerkið fæst frímerki sem samsvarar burðargjaldi undir almennt bréf í lægsta þyngdarflokki utan Evrópu. Sjá nánar á postur.is.



Heimsendingarþjónusta

Heimsendingarþjónustu er hægt að panta á tilkynntum bréfasendingum. Sendingarnar eru keyrðar út og koma til afhendingar næsta virka dag. Hámark er eitt gjald á þrjár sendingar – ef fleiri þá skulu innheimt tvönn gjöld ef 4-6 sendingar eru í einu. Sjá nánar á postur.is.

Þessi þjónusta er í boði á þeim stöðum þar sem Pósturinn hefur byggt upp heimaksturskerfi.

Móttökukvittun

Hægt er að kaupa móttökukvittun með skráðum sendingum, þ.e. skriflega staðfestingu á að viðtakandi hafi mótttekið bréfið.

Móttökukvittunin er fyllt út af sendanda og fest á sendinguna.

Kvittunin, undirrituð af viðtakanda og staðfest af starfsmanni Póstsins, er send til sendanda eftir að bréfið hefur verið afhent. Burðargjald aftur til sendanda er innifalið í verði.

Ef senda á móttökukvittun með skráðum bréfum til útlanda þarf að rita stafina A.R., í neðra vinstra horn, framan á umslagið.

